

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1999

1. júlí 1999

1459

Nr. 445

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 150, 6. mars 1998,
um mælingar á fiskilestum.**

1. gr.

Á eftir orðunum „samningssvæði NAFO“ í 1. gr. bætist „utan lögsagna á samnings-
svæði NEAFC og“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í
fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu
Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að
máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

29. júní 1999

Nr. 446

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 448, 16. júlí 1998,
um veiðar í atvinnuskyni 1998/1999.**

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. sem orðast svo: Umsóknir um flutning
aflamarks milli fiskiskipa skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 1999. Sama
gildir um flutning á þorskaflahámarki.

2. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem orðast svo: Umsóknir
um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa skulu berast Fiskistofu fyrir 1. ágúst 1999. Að
öðrum kosti hefur flutningurinn ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 1999/2000.
Sama gildir um flutning á varanlegu þorskaflahámarki.

Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem veiðar stunda á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja. Þá tekur reglugerðin til veiða innan lögsögu ríkja, lúti veiðar á viðkomandi tegundum stjórn NEAFC um leyfilegan hámarksafla. Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samkomulags milli aðildarríkjanna frá 20. nóvember 1998, um eftirlit með veiðum á samningssvæðinu.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu, að undanskildum veiðum á túnfiski.

3. gr.

Auk þess að halda afladagbók samkvæmt almennum reglum skal halda sérstaka afladagbók um veiðar á NEAFC-svæðinu, sem Fiskistofa leggur til. Afladagbókin skal innbundin með númeruðum síðum. Skal Fiskistofa hafa yfirlit yfir hvaða síðunúmer eru í bókum sem ætlaðar eru til notkunar í hverju skipi. Óheimilt er að fjarlægja síður úr bókum.

Í afladagbókina skal færa eftirfarandi atriði:

1. Kallmerki.
2. Nafn skips.
3. Skipaskrárnúmer.
4. Umdæmisnúmer.

Við hverja komu inn á samningssvæði skal skrá:

1. Dagsetningu.
2. Tíma.
3. Staðsetningu í lengd og breidd.
4. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.

Daglega skal skrá:

1. Dagsetningu.
2. Veiðarfæri.
3. Fjöldi toga eða kasta.
4. Veiðisvæði samkvæmt reitakerfi ICES.
5. Dagsafla upp úr sjó eftir magni og tegundum.
6. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.